

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 463/1998, um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

#### 1. gr.

Hvar sem orðin „Siglingastofnun“ eða „Siglingastofnun Íslands“, í hvers konar beygingarfalli, koma fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „að undanskildum skipum í farþegaflutningum milli landa“ falla brott.
- b. Við málsgreinina bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Farþegaskip sem falla undir alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og erlend farþegaskip sem falla undir tilskipun 2009/45/EB um öryggi farþegaskipa í innanlandssigligum og sæta hafnarríkis-  
eftirliti samkvæmt reglugerð um hafnarríkiseftirlit, eru undanskilin þessari reglugerð.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. másl. 2. tölul. 2. mgr. hljóðar svo: Samgöngustofa getur veitt undanþágu frá kröfum sem gerðar eru til skipa að því marki sem heimilt er í viðeigandi reglum. Slík undanþága verður aðeins veitt hafi eigandi skips eða útgerðarmaður sýnt fram á með áhættumati, prófunum eða öðru að búnaður, efni, tæki, verklagsreglur eða annað, tryggji að minnsta kosti jafngilt öryggisstig og viðeigandi kröfum er ætlað að tryggja.
- b. Í stað orðanna „kaupskipa nr. 59/1995“ í 5. tölul. 2. mgr. kemur: farþegaskipa og flutninga-  
skipa nr. 76/2001, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. másl. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 29. júní 2017.*

**Jón Gunnarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*